



## Fundargerð

### 533. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4 Þriðjudaginn 9. júní 2026, kl. 14:10.

Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar, 7. fundur ársins.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Sveinn Hreiðar Jensson, Sigurður Árnason, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Auður Guðbjörnsdóttir

**Fundargerð ritaði:** Eygló Kristjánsdóttir

Fundurinn er hljóðritaður og er hljóðritun hans vistuð í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Jóhannes Gissurarson kjörinn fulltrúi með lengsta setu í sveitarstjórn og aldursforseti setti fundinn og bauð nýkjörna fulltrúa í sveitarstjórn og áhorfendur velkomna.

Óskað er eftir breytingu á dagskrá að við málefnskrá bætist  
8. Hækkun yfirdráttarheimildar og heimild til endurfjármögnunar.  
Breyting dagskrár samþykkt.

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

##### 1. 2606001 - Niðurstaða sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Jóhannes fór yfir kosningaskýrslu kjörstjórnar Skaftárhrepps eftir kosningar til sveitarstjórnar þann 16. maí 2026.

Á kjörskrá voru 454, greidd atkvæði voru 330, 72,7%, gildir atkvæðaseðlar 320, 97%.  
D- listi sjálfstæðismanna og óháðra hlaut 199 atkvæði, 62,2%  
Ö- listi Öflugs samfélags hlaut 121 atkvæði, 37,8%

##### 2. 2606003 - Kjör oddvita og varaoddvita í samræmi við 7. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps nr. 923/2024. Leynileg kosning fer fram um kjör oddvita í samræmi við 7. gr samþykktar um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps nr. 923/2024

**Sveinn Hreiðar Jensson er réttkjörinn oddviti með 3 atkvæðum til fjögurra ára, 2 atkvæði auð.**

Sveinn Hreiðar Jensson nýkjörinn oddviti tekur við fundarstjórn.

Leynileg kosning fer fram um kjör tveggja varaoddvita í samræmi við 7. gr samþykktar um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps nr. 923/2024



**Sigurður Árnason er réttkjörinn 1. varaoddviti til fjögurra ára með 3 atkvæðum, 2 auð atkvæði og Auðbjörg B. Bjarnadóttir er réttkjörinn 2. varaoddviti til fjögurra ára með 3 atkvæðum, 2 atkvæði auð.**

### 3. Ráðning sveitarstjóra.

Ráðningarsamningur við nýjan sveitarstjóra til staðfestingar. Lagt er til að ráða Sigurjón Andrússon kt.101270-3279 í starf sveitarstjóra Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2026-2030. Fyrir liggur ráðningarsamningur dags. 09.06.2026, undirritaður af oddvita Skaftárhrepps. Samkvæmt ráðningarsamningnum mun Sigurjón Andrússon hefja störf frá og með 15.ágúst 2026. Lagt er til að sveitarstjórn staðfesti ráðningarsamninginn.

Sveitarstjórn heimilar oddvita, í samráði við fjármálastjóra að kanna og eftir atvikum ganga til tímabundinna samninga við starfsmann eða verktaka um afmörkuð verkefni til stuðnings daglegum rekstri skrifstofu yfir sumartímenn reynist þess þörf.

**Sveitarstjórn staðfestir ráðningarsamninginn og býður Sigurjón velkominn til starfa hjá Skaftárhreppi. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn ráðningu á starfsmanni eða verktaka eftir atvikum.**

**Ráðningarsamningurinn samþykktur með 3 atkvæðum 2 auð atkvæði.**

Jóhannes óskar bókunar.

*Við fulltrúar Ö- lista óskum bókað að nýr meirihluti sveitarstjórnar Skaftárhrepps hefur alfarið staðið einn að ráðningu á nýjum sveitarstjóra og hefur það verið gert án auglýsingar eða nokkurrar aðkomu þess lista sem skipar minnihluta sveitarstjórnar. Við óskum Sigurjóni Andrússyni velfarnaðar í starfi og vonumst til að góðs samstarfs við hann, hvað varðar málefni sveitarfélagsins. Við minnum jafnframt á að hlutverk sveitarstjóra er að vera sveitarstjóri allra íbúa Skaftárhrepps.*

Fráfarandi sveitarstjóri, Einar K. Jónsson hefur lokið störfum og felur sveitarstjórn Eygló Kristjánsdóttir, fjármálastjóra og staðgengli sveitarstjóra að annast daglega stjórnarsýslu og framkvæmd samþykktar sveitarstjórnar þar til nýr sveitarstjóri kemur til starfa.

Sveitarstjórn þakkar Einari hans störf á síðastliðnu kjörtímabili og óskar honum velfarnaðar í hans verkefnum framundan.

### 4. 2606002 - Kosning í fastanefndir skv. 41. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps nr. 923/2024.

Nýkjörinn oddviti leggur fram eftirfarandi tillögur í fastanefndir, ráð og stjórnir:

#### Yfirkjörstjórn:

Sigrún Bóðvarsdóttir – formaður  
Þórunn Júlíusdóttir – varaformaður  
Rannveig Ólafsdóttir

givi P-S AK  
ARSB  
1722  
Sjón





**Byggingarnefnd:**

D: Bergur Guðnason - formaður  
Bjarki V. Guðnason - varaformaður  
Ö: Guðmundur Vignir Steinsson

varamenn:

D: Rúnar Þorri Guðnason  
Atli Sigurðarson  
Ö: Þórunna Harðardóttir

**Fjallskilanefnd Álftavers:**

Tilnefningu frestað

**Fjallskilanefnd Skaftártungu:**

Tilnefningu frestað

**Fjallskilanefnd Landbrots- og miðafréttar:**

Tilnefningu frestað

**Fjallskilanefnd Meðallands:**

Tilnefningu frestað

**Fjallskilanefnd Austur- Síðuafréttar og Fljótshverfis:**

Tilnefningu frestað

**Ungmennaráð:**

Tilnefningu frestað

**Öldungaráð:**

Tilnefningu frestað

**Stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla:**

Sveinn H. Jensson - formaður  
Monika Gissurardóttir - varaformaður  
Auður Guðbjörnsdóttir

varamenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir  
Rannveig Bjarnadóttir  
Fanndís Ósk Pálsdóttir

**Stjórn Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs:**

Sveinn H. Jensson - formaður  
Atli Sigurðarson

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Sveinn", "Atli", and "J.G.". There are also some illegible initials and a date "1724" written in blue ink.



varamenn:  
Anna Magdalena Buda  
Björn Hafsteinsson

**Velunnarasjóður Hjúkrunar- og dvalarheimilis Klausturhóla**  
Tilnefningu frestað

**Stjórn Eldvilja ehf:**  
Tilnefningu frestað

**Stjórn Skaftárorku ehf:**  
Sigurjón Andrússon  
Sveinn H. Jensson  
Sigurður Árnason

**Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.**  
Katrín Gunnarsdóttir

varamaður  
Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands:**  
Sigurjón Andrússon

varamaður:  
Rannveig Ólafsdóttir

**Stjórn Kötlu jarðvangs**  
Sveinn H. Jensson

varamaður:  
Björn Hafsteinsson

**Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs**  
Sveinn H. Jensson

varamaður:  
Atli Sigurðarson

**Stjórn Skógasafns**  
Bergur Guðnason

varamaður:  
Katrín Gunnarsdóttir

**Stjórn SASS:**  
Sveinn H. Jensson

1725

Stúri AG  
J.S.  
FRB



**Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Sveinn H. Jensson

varamaður:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Stjórn Hulu bs.**

Sveinn H. Jensson

varamaður:

Sigurjón Andrússon

**Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og vestur Skaftafellssýslu:**

Sigurjón Andrússon

varamaður:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Fulltrúi í stjórn um málefni jarðarinnar Ytri Skóga.**

Sveinn H. Jensson

varamaður:

Sigurjón Andrússon

**Sveitarstjórn samþykkir ofan ritaða nefndarskipan.**

**5. Aukaaðalfundur Bergrisans, 15. júní 2026 – tilnefning fulltrúa.**

Boðað er til aukaaðalfundar Bergrisans mánudaginn 15. júní næstkomandi á Teams.

Fulltrúar Skaftárhrepps verða:

Sveinn H. Jensson, Sigurður Árnason og Auður Guðbjörnsdóttir

Varamenn:

Jóhannes Gissurarson, Bergur Guðnason, Auðbjörg B. Bjarnadóttir

**Tilnefning samþykkt.**

**6. Aukaaðalfundur SASS, 25. Júní 2026 – tilnefning fulltrúa.**

Boðað er til aukaaðalfundar SASS fimmtudaginn 25. Júní n.k. í Versölum í Þorlákshöfn.

Fulltrúar Skaftárhrepps verða:

Sveinn H. Jensson, Auðbjörg B. Bjarnadóttir og Auður Guðbjörnsdóttir

1726  
Sveinn H. Jensson  
Auður Guðbjörnsdóttir  
ABO



Varamenn :  
Sigurður Árnason, Jóhannes Gissurarson, Bergur Guðnason.

### **Tilnefning samþykkt.**

#### **7. Fundaáætlun sveitarstjórnar.**

Oddviti leggur til að reglulegir fundir sveitarstjórnar verði annan þriðjudag hvers mánaðar.

### **Samþykkt samhljóða.**

#### **8. Hækkun yfirdráttarheimildar og heimild til endurfjármögnunar.**

Lögð er fram tillaga um að sveitarstjórn samþykki að hækka yfirdráttarheimild Skaftárhrepps úr 250 m.kr. í 350 m.kr. Markmið hækkunarinnar er að styrkja lausafjárstöðu sveitarfélagsins og tryggja sveitarfélaginu svigrúm til að standa við skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til, auk þess að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Hækkun yfirdráttarheimildar er varúðarráðstöfun og felur ekki í sér lausn á undirliggjandi vanda. Jafnframt verði unnið markvisst að því að draga úr þörf fyrir yfirdrætti með innheimtu útistandandi krafna, yfirferð skuldbindinga og endurskoðun á fjármögnun sveitarfélagsins.

Í ljósi þröngrar lausafjárstöðu sveitarfélagsins og þess að unnið er að yfirferð á útistandandi skuldbindingum, kröfum og öðrum þáttum sem hafa áhrif á sjóðstreymi, leggur sveitarstjórn fram eftirfarandi tillögu:

Óskað er eftir hækkun yfirdráttarheimildar Skaftárhrepps úr 250 m.kr. í 350 m.kr.

Jafnframt að unnið verði fimm mánaða milli uppgjör til að fá skýrari mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og stöðu rekstrar miðað við fjárhagsáætlun það sem af er ári.

Sveitarstjórn felur oddvita, í samráði við fjármálastjóra sveitarfélagsins, sem jafnframt er staðgengill sveitarstjóra, að vinna að hækkun yfirdráttarheimildar gagnvart viðskiptabanka sveitarfélagsins.

Jafnframt heimilar sveitarstjórn oddvita, í samráði við fjármálastjóra sveitarfélagsins, sem jafnframt er staðgengill sveitarstjóra, að endurfjármagna yfirdrátt sveitarfélagsins með lántöku eða annarri fjármögnun á hagstæðari kjörum.

### **Sveitarstjórn samþykkir ofangreindar tillögur samhljóða.**

Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar er áætlaður 14. júlí n.k., gert er ráð fyrir aukafundi sveitarstjórnar ekki síðar en 30. júní.

### **Fundargerð lesin yfir og samþykkt.**

1727  
Sveitarstjórn  
Sveitarstjóri  
Sveitarráðgjafi  
Sveitarráðgjafi




Nýkjörinn oddviti þakkar fyrir fundinn og það traust sem honum er sýnt og vonast eftir farsælu samstarfi sveitarstjórnar á næstu fjórum árum.


Fundi slitið kl. 16:11

  
Sveinn Hreiðar Jensson

  
Jóhannes Gissurarson

  
Sigurður Arnason

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Auðbjörg B. Bjarnadóttir